

Fundur 3.4. 2023 Johann Sebastian Back.

Komið þið sælir, sælt veri fólkið, verið allir blessaðir og sælir og gleður mig að komast í sambandið.

Hef ég nokkrum sinnum talaði til ykkar og hef ég æfinlega vonað að félag ykkar eflist svo af félagafjölda og af orðspori að hin góða lífstefna muni sigra á gömlu jörðinni minni.

Og finnst mér það leitt að ég megna það ekki frekar en aðrir á minni framlífs jörð að komast stórum breytingum í framkvæmd í því efni, en hefur mér verið sagt að sé eins og þegar skriða fer af stað, að erfiðast sé að koma af stað fyrsta steininum.

Og hefði ég gjarnan viljað hafa meiri áhrif á þjóð mína á jörð ykkar, en það hefur ekki tekist enn sem skildi.

Hef ég komið fram í gegnum nokkra miðla hjá ykkur og hef ég nú oftast komið fram í gegnum ykkar gamla miðil á framlífs jörð þar sem tilraunir til að senda líforkuna hafa gengið mjög vel og höfum við náð að efla ykkar ættingja vel og ekki svo langt á milli hnattanna, þróunarlega séð og líforkan af svipuðu tagi, og því auðvelt að koma á samböndum.

Var ég orðinn aldraður þegar ég talaði við ykkur síðast og eru hér nokkrar breytingar orðnar á mínum högum, þar sem ég er kominn á nýja framlífs jörð og kominn með nýjan líkama, enn þá hraustari og sterkari en áður.

Og hef ég að þessu sinni verið að kljást við verkefni sem hafa verið mér nokkuð framandi og áhugaverð.

Var ég búinn að eflast mjög í síðasta framlífi mínu og naut ég þess mjög að sinna list minni og fylgjast með því hvernig önnur tónskáld náðu einnig sama árangri og gátum við fylgst með því hvernig menningin blómstraði og fólkið komst á enn frekari lífstefnu braut.

Hér á þessari nýju jörð eru mennirnir á mismunandi stigi og hér eru stórir hópar frá framlífs jörðum sem náð hafa góðum árangri í beitingu líforkunnar og þrá það mjög að kynnast aðstæðum þar sem líforkan hefur bein áhrif á hraða uppbyggingu samfélagsins.

Og þjóðfélagshópar eru misjafnir og uppbyggingarstarf er, er mikið á þessum hnetti og hratt og mikið uppbyggingarstarf ólíkt því sem ég hef áður kynnst og náum við að ná tökum á hugunum og börnunum sem hér fæðast og þau sem fram koma fyrir hamfaraflutning, þar sem fóstureyðingar eru leyfðar.

Og getum við því fengið augljósari merki um það, hvernig hápróuð list lífstefnunnar getur haft góð áhrif og komið af stað samstillingu hjá þessum þjófélags brotum sem annað hvort koma úr umhverfi frumlífs jarðanna eða þá umhverfi sem ekki er langt síðan komst undan áhrifavaldi helstefnu hnattanna.

Og eru það ýmsir þjófélags hópar hér nýkomnir sem eiga þýsku að móðurmáli en hafa alist upp við mismunandi aðstæður og hafa átt í ýmiskonar deilum innbyrðis og mis miklir í tónlist og list sköpun.

En hér á þessum hnetti göngum við inn í gamla menningu sem innfæddir íbúar hnattarins hafa ekki breytt um langt skeið og eru þar ýmiss tónverk sem minna á list jarðarinnar og sum þeirra minna á það sem ég setti saman á jörðinni.

Og hið unga fólk sem þannig er tekið í meðferð og fær hér tækifæri til að njóta þessa samfélags, sýnir miklar framfarir í kærleiks áttina og friðar áttina og sleppir það við lengri vist á hinum verri stöðum.

Og er það mjög merkilegt hvernig var hægt að ná til þeirra á framlífs jörðum eða framlífs jörðum sem í dögunar löndunum sem hafa tekið á móti þeim sem hafa dvalið á helstefnu hliðunum og eru tilbúnir að komast á lífstefnu brautina enn frekar.

Og þætti mér gaman að segja nöfn þeirra tónskálda og annarra menningarfrömuða sem hér eru staddir og sum þeirra kannist þið við, en orkan er víst ekki nægileg til þess að ég geti komið fram með þau nöfn að sinni.

En vil ég biðja ykkur að hlýða á tónlist eftir mig ef ykkur er það kostur er þið hafið tök á því í frístundum, ekki er ólíklegt að ég, við getum sent einhverja orku sem þeirri samstillingu fylgir.

Nafn mitt er Back.

Ertu Back, Johann Sebastian?

Já, komið þið sælir.

Johann Sebastian Back, velkominn.

Já ég hef talað við ykkur áður og æfinlega gott að komst í sambandið og hef ég einnig talað í gegnum ykkar gamla miðil á framlífs jörð og er þar góð samstilling einnig.

Já ég hef frá ýmsu að segja og höfum við áhyggjur af því að ýmiss konar helstefnu áhrif séu á jörðinni og viljum sporna gegn því og viljum senda ykkar bestu tónskáldum orku og ykkur sjálfum eins og hægt er.

Og teljum að það sé mikilvægt að gleyma ekki gömlu menningunni til að eflast af henni.

Ætla ég nú að kveðja ykkur að sinni, en reyni ég að koma síðar.

Mig langar bara að þakka þér fyrir alla þína góðu mússík, tónlist.

Þakka þér kærlega fyrir, þakka þér fyrir.

Það gera nú margir, þakka þér sumuleiðis fyrir góða tónlist sem við njótum enn.

Þakka þér einnig fyrir það.

Ég trúi því að tónlist ykkar gömlu meistaranna vinni gegn, þessu hvað köllum við það, þessu sem þú nefndir áðan,

Helstefnu.

Já helstefnu.

Já já það er vel mælt.

Þú ert í algjöru uppáhaldi hjá mér Back. Ég hlusta oft á þig.

Þakka þér fyrir.

Og veit ég að þú skildir vel það sem ég lýsti og hefur kannski skynjað umhverfið? *Já.*

Já það er gott, við fundum að hér var góður hljómgrunnur og orkan góð og munum reyna að koma síðar, verið þið sæ og þakka kærlega fyrir.

Ég þakka kærlega fyrir komuna og vertu velkominn aftur.

Já.